

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands



Dags eftirlits	24.4.2012	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Bjarnabraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Eypórsson	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest en það varðar vatnssöfnun í asbestgryfju.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir helstu atriði í starfsleyfi urðunarstaðarins. Mál er varða botnpéttingu og gassöfnun voru rædd en rekstraraðili er að láta skoða mál er varða jarðfræðilegan tálma og botnpéttingar. Fram kom að til stendur að taka í notkun nýja urðunarrein í sumar og var lögð áhersla á að aðferðir við hauggassöfnun og botnpéttingu í nýrri rein yrðu tryggðar áður en reinin yrði tekin í notkun. Fram kom á fundinum að rekstraraðili hefur samið við mælingateymi frá Háskólanum í Kaupmannahöfn um að koma í sumar og mæla gasmyndun á urðunarsvæðinu. Rekstraraðili vinnur að fjármögnun við komu mælingateymissins og hefur m.a. sótt um TAIX styrk og standa vonir til að mælingar geti hafist í september. Fundur var haldinn og ekið var um urðunarstaðinn og aðstaða og umgengni skoðuð með Hrefnu B. Jónsdóttur og Þorsteini Eypórssyni.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Fráviki frá: Öðrum lið, viðauka I í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs og grein 3.3. í viðauka I. en samkvæmt þeim skal koma í veg fyrir að vatn berist í og safnist fyrir í urðunarreinum.

Talsvert vatn hefur safnast í urðunargryfju fyrir asbest. Sjá þarf til þess að vatn safnist ekki fyrir í urðunargryfjum. Rekstraraðili sagði að frárennsliskerfi væri í gryfjunni en svo virtist sem það hefði stíflast.

ATHUGASEMDIR

Hauggassöfnun er ekki hafin í Fíflholtum en rekstraraðili hefur sent inn erindi til Umhverfissráðuneytis þar sem sótt er um undanþágu frá hauggassöfnun. Einnig hefur rekstraraðili sent inn erindi til Umhverfisstofnunar.

ANNAÐ

Kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Umhverfisstofnun hefur ekki borist áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir áætlun frá rekstraraðila um hvenær verði bætt úr framangreindum atriðum.

Reykjavík, 04.07.2012

Valur Klemensson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.